Samþykkt þann
25 JUN 2008
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson



ÚTLIT NORÐUR M: 1/200



ÚTLIT Í VESTUR



ÚTLIT SUÐUR M: 1/200



ÚTLIT Í AUSTUR



LÓÐAUPPDRÁTTUR M: 1/200



AFSTÖÐUMYND M: 1/500

## Byggingarlýsing Álfhella 3, staðgreinir: 0095-0030, landnúmer: 203351

Sótt er um að hækka áður samþykkt hús um 30 sentímetra í landi. Mesta hæð húsins (mænishæð) 7,05 m en skv. skipulagi er mesta mænishæð 8,5 m. Hæð mænis verður þannig eftir sem áður lægri en sú hámarksmænishæð sem væri möguleg skv. skipulagi. Skráningartafla er óbreytt frá fyrri umsókn. Áður hefur verið sótt um að hækka húsið um 50 sentímetra en því var synjað.

Eldri lýsing:
Sótt er um að byggja nýtt atvinnuhúsnæði við Álfhellu 3.

Útveggir hússins eru byggðir úr steinsteypu einangraðir með 100 mm frauðplasti að innan. Málaðir eða steinaðir að utan í gráum litatón.

Einangrað er undir plötu og og með sökklum með 75 mm frauðplasteinangrun.

Þak hússins er borið uppi með límtrésperrum. Milli þeirra liggja báraðar stálplötur með 200 mm steinullareinangrun ofaná. Ytra byrði úr þakdúk í brunaflokki T.
Innveggir eru léttir timbur- eða stálgrindarveggir, eftir aðstæðum, klæddir gifsplötum. Allar klæðningar innanhúss eru í flokki 1. Í skrifstofuhluta er létt niðurhengt loft.

Lagnir eru utanáliggjandi og er húsið er hitað upp með hitaveitu og er í því loftræstikerfi eftir því sem við á.

Gluggar eru í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler er tvöfalt, hljóðeinangrað í samræmi við byggingarreglugerð, K-gler eða sambærilegt. Innanmál útidyra er meira enn 90 cm. Innanmál annarra dyra er meira en 80 cm.

Akvegur er kringum allt húsið sem tryggir aðkomu slökkviliðs. Brunamótstaða einstakra byggingarhluta er tilgreind á grunnmyndum og á sneiðingum. Klæðningar innanhúss eru í flokki 1. Þakefni er í flokki T og gólefni í flokki G. Brunahólfun: Ekki er um brunahólfumn að ræða í húsinu að öðru leyti en að brunahólfandi veggur EI 60 skilur inntaksrými frá öðrum hlutum húsins.
Burðarvirki: Burðarvirki stiga er A-R30. Önnur burðarvirki eru R 60. Stálburðarvirki skal brunaverja þannig að þau uppfylli kröfu um R60 brunamótstöðu.
Flóttaleiðir skv. teikningu. Hurðir í flóttaleið skal vera hægt að opna í innan frá án lykils eða verkfæra.
ÚT-ljós og neyðarlýsing skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172.
Brunaviðvörunarkerfi: Í allri byggingunni er brunaviðvörunarkerfi samkvæmt reglu Brunamálastofnunar og ÍST EN 54.
Handslökkvibúnaður: Brunaslöngur skv. teikningu. Handslökkvitæki staðsett nálægt slöngukeflum í samráði við slökkvilið.
Reyklosun: Þakgluggar með auðbrennanlegu plasti til reykræstingar eru að lágmarki 2,5% af grunnfleti vörusalar eða 20 m2.
Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna og gera skal þjónustusamning við viðurkennda þjónustuaðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi, neyðarlýsingu og handslökkvibúnaði. .

Bílastæðabókhald: Húsið er atvinnuhúsnæði ,1311,0 m2 sem þýðir að það þarf 27 bílastæði (1 stæði á hverja 50 m2). Á teikningum eru sýnd 28 stæði, þar af eitt stæði fyrir fatlaða.

Ekki er gert ráð fyrir að flutningsgámar standi á lóðinni.

| U-gildi einstakra byggingarhluta er sem hér segir: | W/m2K |
|---|---|
| Ti >= 18°CÞak | 0.2 |
| Útveggir | 0.4 |
| Gluggar (karmar, vegið meðaltalglers, K-gler) | 2.0 |
| Hurðir | 3.0 |
| Gólf | 0.3 |
| Útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir) | 0.85 |

| Helstu stærðir: | |
|---|---|
| 1. hæð: | |
| rúmmál | 7891,4 m3 |
| flatarmál (Botnflötur) | 1035,0 m2 |
| Millipallur: | |
| flatarmál (Botnflötur) | 276,0 m2 |
| Heildarrúmmál byggingar | 6779,3 m3 |
| Flatarmál lóðar | 3930,0 m2 |
| Flatarmál byggingar (D-8) | 1311,0 m2 |
| Nýtingarhlutfall (1311,0/3930,0) | 0,3336 |

BREYTINGAR

| NR. | DAGS. | BREYTING | SÞ. |
|---|---|---|---|
| 01 | 10.10.07 | Sniðfletir svertir, göngutengingu bætt við | |
| 02 | 14.04.08 | Hús hækkað um 0,5 m í landi | |
| 03 | 16.06.08 | Hús hækkað um 0,3 m í landi m.v. gildandi skilmála | |

Fh 18.6.08
HEILBRIGÐISEFTIRLITS HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

18.06.2008
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.


TEKTON
HÖNNUN - SKIPULAG - RÁÐGJÖF

HÁTEIGSVEGUR 7
105 REYKJAVÍK
ICELAND
KT: 471293-2109
TEL: +354 561 1910
FAX: +354 561 1921
TEKTON@TEKTON.IS
WWW.TEKTON.IS

HAUKUR HARÐARSON ARKIT. FAÍ / FSSA KT: 221162-2269
GUÐM. HUGI GUÐMUNDSSON KT: 211066-5129
GUNNLAUGUR JÓNASSON ARKIT. KT: 090462-2299
ÞORLEIFUR EGGERTSSON ARKIT. KT: 040603-4849


SAMÞYKKT

VERK
Verkstæðisbygging
Álfhella 3

TEIKNING
Afstöðumynd, útlit, lóð og byggingarlýsing

KVARÐI
1:200 / 1:500

DAGS.
01.10.2007

TEIKNAÐ AF
GJ

TEIKNING NR.
0101